

Nr. 19-017 S 013 Örfirisey RE 4**Skipverji slasast á báðum höndum**

Skipaskr.nr. 2170
 IMO: 8704975
 Smíðaður: Noregi 1988, stál
 Útgerð: HB Grandi hf
 Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.
 Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m
 Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
 Vél: Wichmann 3000 kW 1988
 Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey © Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. ágúst 2019 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 19. janúar 2019 var frystitogarinn Örfirisey RE 4 á togveiðum í Barentshafi. Veður: 15-20 m/s. Ölduhæð 2,5 m.

Skipverji var við vinnu á flökunarvél að flaka stóran þorsk þegar beinagarðurinn festist í vélinni. Til að hreinsa úr vélinni fór hann með þar til gert flatjárn til að losa beinagarðinn úr söðlinum. Flatjárnið skrapp þá til með þeim afleiðingum að hann lenti með báðar hendur á fráskurðarhnífum og skarst illa. Þyrla frá Noregi sótti slasaða og flutti á sjúkrahús í Tromsø.


Við rannsókn kom fram:

- að flökunarvélin var af gerðinni M700 frá Vélvag;
- að skipverjinn var búinn að stöðva vélina og taka frá öryggishlíf yfir fráskurðarhnífum og lyfta þeim upp (*sjá myndir*) til að hreinsa fiskúrganginn sem kominn var á milli hnífsblaðanna. Fór hann síðan með flatjárn niður um þar til gerð göt sem ætluð eru til að hreinsa beinagarðinn úr söðulstýringunni en þá skrapp flatjárnið til sem hann hélt um með báðum höndum og lenti á fráskurðarhnífum;
- að skipverjinn skarst á fjórum fingrum á hægri hendi og tveimur fingrum á vinstri hendi;
- að slasaði sagði að það hafi verið mikill hamangangur og verið var að reyna að skila sem mestum afla í gegn og því pressa á mönnum. Þar af leiðandi freistuðust menn til að setja í vélina fiska sem voru tæpir á að komast í gegnum hana;
- að slasaði var í afleysningum á vélinni en var vanur henni en ekki þó farið á námskeið í notkun hennar;



Myndin sýnir frasköfuhnífanna þegar búið er að setja þá upp og aðra raufina til hreinsa úr söðulstýringu.

- að flatjárnið sem skipverjinn notaði við að hreinsa úr vélinni var úr rústfríu efni hafði verið tilniðið um borð til að hreinsa beinagarða úr söðulstýringunni;
- að ekkert sérsníðað verkfæri fylgdi vélinni frá framleiðanda til að hreinsa úr söðulstýringunni;
- að fram kom hjá þjónustuaðila fyrir vélarnar að beinagarðar eiga ekki að festast í vélunum. Það gæti þó gerst ef settur væri of stór fiskur í gegnum þær miðað við hvernig stilling væri á þeim.



Fraskurðarhnífarnir niðri og öryggishlífir yfir þeim.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að settur var of stór fiskur, miðað við stillingu, í gegnum flökunarvélina.